

Veðurstofa Íslands
Bústaðavegur 9
Reykjavík

Reykjavík 25. október 2018
UST201810-233/P.B.S.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Ingólfshöfði

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Veðurstofu Íslands, dagsett 25. október s.l., um leyfi til rannsókna innan friðlands í Ingólfshöfða.

Ingólfshöfði var friðlýstur sem friðland árið 1974. Markmið friðlysingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og þá ekki síst því fuglalífi sem finnst í höfðanum. Samkvæmt auglysingu um friðlandið nr. 388/1978 má hvorki skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask innan friðlandsins. Þá er akstur bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Verkefnið sem sótt er um snýst um vöktun Öræfajökuls. Jarðskjálftamælir og sólarsella verða sett upp til rannsókna á skjálftum í Öræfajökli og verður valið heppilegt svæði þar sem gróður verður ekki fyrir raski, berangurs grjót og sandur. Staðsetning innan svæðisins er Kaplaklif. Umsækjandi tekur fram að ekki verði raskað jarðminjum, gróðri eða dýralíf. Þá kemur einnig fram að gengið verði frá staðnum að rannsókn lokinni, þannig að mögulegt rask verði afnumið. Þau tæki sem þarf til rannsóknarinnar eru jeppi til að koma rannsakendum á svæðið.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki til þess fallna að rýra verndargildi svæðisins samkvæmt lýsingu umsóknaraðila. Mikilvægt er að draga úr sjónræn áhrifum eins og kostur er, að gengið verði vel frá að framkvæmdum loknum og að akstur í höfðanum verði einungis á vegslóða.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir rannsókn til eins árs frá dagsetningu þessa bréfs innan friðlands í Ingólfshöfða að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Leyfi þetta nær eingöngu til ofangreindrar rannsóknar.

Leyfi landeigenda, rétthafa lands og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri